

Ársskýrsla vísindanefndar 2005

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Vinna við úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2006 átti sér stað í lok ársins eins og áður og sem fyrr var faglegt mat skilið frá úthlutunarvinnu. Faglegt mat önnuðust þrjú fagráð, fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru um fimm fulltrúar, þar af voru einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráð mátu allar umsóknir á fagsviði sínu.

Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður og leitast við að styrkja sérstaklega góð verkefni. Umsóknir voru 180 og voru alls 164 verkefni styrkt. Alls hækkaði fjárveiting um 10 m.kr. frá fyrra ári auk þess sem rektor styrkti sjóðinn um 10 m.kr. til að launa doktorsnema og styrkja nýdoktora. Alls var úthlutað 144 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2006. Meðalstyrkur var 880 þús. kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður.

Á árinu 2005 voru í annað sinn veittir styrkir til nýdoktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs. Alls voru veittir 14 styrkir (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Tryggt hefur verið fjármagn til þessara styrkja á árinu 2006. Vísindanefnd tilnefndi þrjú vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Bjarnheiði Guðmundsdóttur, vísindamann við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum. Henni voru veitt verðlaunin við brautskráningu Háskólans 22. október 2005.

Nefndin fjallaði einnig um fjölmörg önnur mál á árinu. Þar má fyrst nefna skýrslu starfshóps rektors um viðbrögð við niðurstöðum ytri úttekta á HÍ 2004-2005, en tveir nefndarmenn áttu sæti í starfshópnum. Einnig var doktorsnám mikið til umfjöllunar í nefndinni. Nefndin var umsagnaraðili um reglur um Háskólasjóð Eimskipafélagsins sem mun veita styrki í fyrsta sinn á árinu 2006. Þá fjallaði nefndin einnig um fjárveitingar til rannsókna.

Önnur mál sem voru afgreidd frá nefndinni á árinu:

- Umfjöllun um reglur deilda vegna meistaranáms.
- Fagleg umfjöllun um umsóknir fyrir Rannsóknarnámssjóð.
- Mat á umsóknum vegna styrkja Þróunarsamvinnustofnunar.

Skipan vísindanefndar

Um mitt ár 2005 urðu þær breytingar á nefndinni að Unnur Dís Skaptadóttir, dósent í félagsvísindadeild og Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræðideild, létu af störfum.

Í stað þeirra komu Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsvísindadeild og Ingibjörg Harðardóttir, dósent í læknadeild. Þá lét Jón Atli Benediktsson, prófessor í verkfræðideild, af störfum sem formaður nefndarinnar í árslok og við tók Helga Ögmundsdóttir, prófessor í læknadeild.

Í stað Jóns Atla tók Magnús Már Halldórsson, prófessor í verkfræðideild, sæti í vísindanefnd. Aðrir í nefndinni eru Guðrún Nordal, prófessor í hugvísindadeild, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild og Brynhildur Thors, doktorsnemi í læknadeild, fulltrúi stúdenta.